



Vírinn - 2. tbl. 2.árg. 26. janúar 2012

Fréttir um upplýsingatækni frá Áhættuþjónustu Deloitte ehf.

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

## Miklar baráttur háðar í netheimum þessa dagana:

Stríð milli Ísraela og araba er enn á ný komið af stað, en barátta milli hópa hliðhollum hvorri hlið hafa lengi verið harðar. Meðal annars hafa kortaupplýsingar mörg þúsund Ísraela verið birtar á netinu, og truflandi árásir verið gerðar á flugfélög og kauphallir í Ísrael. Þá var einnig reynt að hafa áhrif á einhverja banka en með takmörkuðum árangri. Þrátt fyrir enginn hafi eignað sér þessar árásir voru Hamas liðar ekki lengi að hvetja öll ungmenni sem styðja málstað araba og Hamas gegn Ísraelum að taka þátt í þessari baráttu. Þessi barátta hefur staðið lengi og mun líklega halda áfram næstu árin. Enn er skaðinn ekki mjög mikill en hver veit hvernig fer í framtíðinni. [Meira](#)

## Anonymous hefnir fyrir Megaupload:

Bandarísk stjórnvöld ákváðu að herja á síðuna Megaupload, undir því yfirsýni að síðan væri vettvangur fyrir ólöglega dreifingu á höfundarvörðu efni. Þá var stofnandi síðunnar handtekinn og eignir gerðar upptækar. Hópurinn Anonymous hefur ákveðið að þetta sé árás á upplýsingafrelsi í heiminum, enda er vel mögulegt að nota síðu eins og Megaupload til fullkomlega löglegra aðgerða. Harðar árásir hafa verið gerðar á margar opinberar stofnanir í Bandaríkjunum, án þess að mikill skaði hafi unnist. Þessu er þó langt frá að vera lokið. [Meira](#)

## Kröfur FME og samningar við þjónustuaðila:

Fyrir jól ákvað Fjármálaeftirlitið að leggja fésektir á lífeyrissjóð sem ekki fór eftir leiðbeinandi tilmælum FME um upplýsingakerfi. Mbl greindi frá að Fjármálaeftirlitið ákvað að leggja fésektir vegna skorts á aðgengi að upplýsingum hjá þjónustuaðila sem krafa er gerð um í tilmælum um rekstur upplýsingakerfa nr. 1/2005. Var þess vegna ákveðið að leggja 200.000 krónu dagsekt á sjóðinn. Frá því að sektin var lögð á sjóðinn þar til búið var að laga samninginn voru 6 dagar, þar á meðal aðfangadagur og jóladagur. Sektir geta þannig verið hvetjandi. [Meira](#)

## Ný löggjöf um tölvuinnbrot innan ESB:

Nú er unnið að nýrri löggjöf innan ESB sem mun krefja fyrirtæki sem verða fyrir tölvuinnbroti að upplýsa viðskiptavini sína innan sólarhrings um innbrotið. Ein helsta gagnrýni sem hefur komið fram í stórum innbrotum er að oft líða vikur eða mánuðir þar almenningi er greint frá, en nú er breytinga að vænta. Þá verður almenningi einnig gert mögulegt að „gleymast“, það er að segja að gögnum um þá verði eytt úr kerfum fyrirtækja. Erfitt er að segja hvernær þessi lög verða tekin upp hjá sambandinu, og þá verður spennandi að sjá hvort Ísland muni reyna að fá undanþágu. [Meira](#)

## Er fundarherbergið veiki blettur fyrirtækisins?

Nýleg rannsókn bendir til að enn séu að finnast nýir veikir blettir í öryggi fyrirtækja. Að þessu sinni virðist sem fundarherbergin geti verið veikleiki sem nauðsynlegt er að bregðast við. Gert var tilraun þar sem reynt var að hafa samband við ákveðna tegund af búnaði, en þennan búnað er helst að finna í fjarfundarherbergjum. Kom í ljós að mikið af þessari tegund búnaðar er með sjálfvirka svörun, þannig að hægt er að hafa samband hvaðan sem er, og komast óhindrað inn. Það sem þetta merkir þá er að mögulegt er fyrir óæskilega aðila að fylgjast með fundum sem fara fram í gegnum slíkan búnað, mögulega án þess að eftir því sé tekið. [Meira](#)

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð Deloitte á sviði upplýsingakerfa og upplýsingaöryggis veitir:

Tryggvi R. Jónsson  
GSM: 860-3177



[tryggvi.jonsson@deloitte.is](mailto:tryggvi.jonsson@deloitte.is)